

Alþingi
Erindi nr. P 141/383
komudagur 6.11.2012

Reykjavík, 6. nóvember 2012

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þingskjal 155 – 155. mál.

Vísað er til tölvupósts frá Nefndasviði Alþingis þar sem allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir UNICEF ofangreint frumvarp til umsagnar.

UNICEF Ísland fagnar því að lagt hafi verið fram frumvarp á Alþingi Íslendinga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálans eins og hann er oftast kallaður. Það er baráttumál UNICEF að sem flestar þjóðir heims leiði Barnasáttmálann í lög og taki þannig mið af honum í sínum landsrétti, stefnubreytingum sem varða börn og að dómstólar landsins taki mið af sáttmálanum við úrlausn mála er varða börn. Það er álit UNICEF á Íslandi að lögfesting Barnasáttmálans muni styðja við og styrkja réttindi barna hér á landi.

Þrátt fyrir að Barnasáttmálinn hafi verið fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum fyrir 20 árum hefur sjaldan verið vitnað í ákvæði sáttmálans við úrlausn mála hjá stjórnvöldum og dómstólum. UNICEF á Íslandi bindur vonir við að lögfesting Barnasáttmálans muni ýta undir beitingu hans í framkvæmd og efla virðingu fyrir réttindum barna hér á landi. UNICEF á Íslandi álfur að lögfesting Barnasáttmálans muni greiða mjög fyrir raunverulegri innleiðingu sáttmálans og samþættingu hans við íslenskt samfélag. Þannig verði líklegra að menning skapist fyrir því að börn séu virt sem rétthafar.

Samkvæmt nýrri rannsókn UNICEF í Bretlandi, sem kynnt verður bráðlega, hefur innleiðing Barnasáttmálans haft jákvæð áhrif á réttindastöðu barna í mörgum löndum. Sér í lagi þar sem hann er innleiddur með einum, afgerandi löggjöfningi eins og frumvarp það sem hér er til umsagnar leggur til. Þannig megi stuðla að því að byggja sterkan og sjálfbæran grundvöll til að koma ákvæðum sáttmálans í framkvæmd.

Með lögfestingunni gefst einnig tækifæri til að vekja athygli á sáttmálanum, gildum hans og réttindum barna. Ekki er vanþörf á því en líkt og fram kemur í rannsókn sem framkvæmd var af UNICEF á Íslandi meðal grunnskólabarna árið 2010 telja aðeins 40% þeirra að þau viti mikið eða frekar mikið um réttindi barna. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur ítrekað bent á að hér á landi þurfi að kynna Barnasáttmálann mun betur fyrir börnum og öllum þeim sem

vinna með og í þágu barna. Góð þekking á sáttmálanum eykur líkur á því að hann sé virtur í framkvæmd og þannig er líklegra að réttindi barna séu virt.

UNICEF á Íslandi fagnar eindregið því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fyrir og vonar að það verði að lögum. UNICEF á Íslandi vill þó gera athugasemd við orðalag 4. gr. frumvarpsins um breytingu á lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að vista skuli fanga undir 18 ára aldri á heimilum á vegum barnayfirvalda, nema sérstakar ástæður séu til að vista þá í fangelsi. UNICEF á Íslandi telur að hér megi færa orðalag nær b- og c-liða 37. greinar Barnasáttmálans og kveða frekar á um að vista skuli fanga undir 18 ára aldri á heimilum á vegum barnaverndaryfirvalda „nema ef talið er að annað sé þeim fyrir bestu“.

Virðingafyllst



Stefán Ingi Stefánsson,
Framkvæmdastjóri UNICEF Ísland